

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	19.6. Hópur tillaga
1	Fellaskóli/Holt/Vínafell/ Þjónustum. Breiðholts/ Raddlist/Trappa/HÍ	Okkar mál-samvinna um menningu, mál og læsi	Gefa nemendum raunverulegt tækifæri til náms, skilningu og þátttöku í samfélaginu með því að efla málþroska þeirra á virkasta máltökuskeiði þeirra.	7.800.000	2019-2020	Leik-grunn og frí	0
2	Frístundah.Vogasel/ Leikskólinn Langholt/Vogaskóli/ Buskinn	FUNFY-leikjabanki og félagsfærniæfingar	Funfy verkefnið er draumur sem hefur verið lengi í maganum og vantaði ávallt rétta tækifærið til að fæðast, og tíminn er núna, með nýju menntastefnunni þar sem þessi nýji „leikja/æfingabanki“ tengist öllum þáttum nýrrar menntastefnu ásamt þeim leiðarljósum og markmiðum sem fram er í stefnunni á þann hátt að verkefnið/ verkfærið mun tryggja jöfn tækifæri, efla styrkleika, virkja börn, stuðla að almenntri velferð/heilbrigði og vera stór þáttur í því að gefa börnum styrk og þor til að láta drauma sína rætast.	10.000.000	2019-2022	Leik-grunn og frí	0
3	Ársel/Íþróttaf.Fylkir/ Ártúnsskóli/Norðlinga- skóli/Dalskóli/Ingunnar- skóli/Sæmundarskóli/ Þjónustumiðstöð Árbæjar	Rafíþróttir í 110 og 113	Okkar helstu markmið er að ná til þeirra barna sem ekki eru félagslega virk vegna tölvunotkunar og hafa ekki verið að stunda skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf. Með rafíþróttum viljum við efla félagsfærni barna, efla sjálfsmyndina þeirra og stuðla að heilbrigðum lífstíl. Það helst oft í hendur, þegar börn einangra sig félagslega að það verður skortur á hreyfingu og heilbrigðu líferni. Mikilvægt verkefni þjálfaranna er að upplýsa klúbbsmeðlimi um mikilvægi heilbrigðs lífstíls. Verkefni þjálfarans er að fræða liðið sitt um þann ágóða sem að hreyfing, hollt mataræði og góður svefn hefur á þau og hvernig þau geta náð lengra í rafíþróttum og í einkalífnu með því að tileinka sér heilbrigðari lífstíl. Við erum þá ekki aðeins að takast á við félagslega einangrun heldur einnig hvatning til þess að stunda heilbriggt líferni, til þess að vera besta útgáfan af sér.	9.957.000	2019-2020	Grunn og frí	3.500.000
4	Gufunesbær/HÍ/Fjörgyn/ Höllin/Dregyn/Sigyn/ Púgyn	Sameiginleg félagsmiðstöðvaropnun í Höllinni Egilshöll	Verkefnið sem hér er sótt um styrk til stuðlar að virkni- og þátttöku barna ásamt sjálfsefningu, félagsfærni og heilbrigði allra barna sem myndu taka þátt í þessu verkefni. Meginmarkmiðið er að virkja börn sem sækja starf í Höllinni í almennt félagsmiðstöðvarstarf með nýrri nálgun. Við viljum frístundastarf fyrir margbreytilega hópa. Við teljum okkur vera að reyna nýja leið til að virkja sérstaklega einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Það gerum við með fjölbreyttari opnunartímum og starfi en það heyrir beint undir virkni og þátttökuhluta menntastefnunnar.	7.931.194	2019-2020	Frí	0
5	Kringlumýri/Miðberg/HÍ/Vi nnuskólinn	Mikilvægi gagn-reyndra aðferða í félagsmiðstöðva-starfi	Markmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd, auka félagsfærni og stuðla að heilbrigði. Unnið er með félagslega einangraða einstaklinga í samráði við grunnskóla, félagsmiðstöð, þjónustumiðstöð og foreldra.	550.000	2019-2019	Frí	500.000
6	Frístundah.Krakkakot/ Háaleitisskóli-Hvassaleiti	Ævintýravöllurinn Matthíasarborg	Leiðarljós Matthíasarborgar er að skapa, í samvinnu við Háaleitisskóla, Kringlumýri og aðrar stofnanir, öruggt rými með frjálsum efnivið til að hvetja börn á öllum aldri í frjálsum leik, sérstaklega börn í 1.-6. bekk sem eru skráð í Sumarfrístund Kringlumýrar. Þar sem réttur til leiks er viðurkenndur í Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna samræmist þetta stefnu Kringlumýrar um að verða Réttindafrístund.	442.000	2019	Grunn og frí	0
7	Miðberg/Hólabrekkuskóli/ Breiðholtsskóli/ Seljaskóli/Ölduselsskóli/ Fellaskóli	Lífsleiknikennsla í 8.bekk	Markmið verkefnisins eru að valdefla unglingana og hvetja þau til gagnrýnnar hugsunar. Með því að hvetja þau áfram er markmiðið að efla sjálfsmynd þeirra og auka trú á eigin getu. Farið er með krökkunum í ýmsa samvinnu leiki þar sem markmiðið er að auka félagsfærni þeirra og sína þeim fram á mikilvægi þess að vinna saman sem hópur, þekking og treysta hvort öðru og ekki vera feimin við að koma sínum skoðunum á framfæri. Í þessari vinnu virkjum við leiðtogaþæfileika krakkanna og vinnum einnig með tilfinningalæsi.	1.250.000	2019-2020	Grunn og frí	0
8	Miðberg/Gufunesbær/ Kringlumýri/Tjörninn/ Öryrkjabandalag Íslands	Ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva í Reykjavík	Markmiðið er að sameina raddir sértæku félagsmiðstöðvanna og skapa vettvang fyrir þau til að láta skoðanir sínar á ýmsum mállefnum í ljós. Ungmennin verða virkir þátttakendur í mállefnum sem snerta þau.	1.448.400	2019-2020	Frí	1.000.000

9	Grænaborg/Hí/Austurbæjarskóli	Samstarf kennara á leik og grunnskólastigi um jákvæðan flutning barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn á milli skólastiga.	Unnið verður að því að styðja við jákvæðan flutning barna með fjölbreyttan bakgrunn úr leikskóla yfir í grunnskóla.	2.000.000	2019-2020	Leik og grunn	0
10	Hagaskóli/Laugalækjarskóli/Frosti félagsmiðstöð/Kolbrún Þ. Pálsdóttir Hí	Allir með - valnámskeið	Markmiðið er einkum að rjúfa félagslega einangrun nemenda af erlendum uppruna á markvissan hátt og veita þeim stuðning í námi og félagslífi. Einnig að gefa íslenskum nemendum tækifæri til að kynna þessum samnemendum sínum á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt og stuðla þannig að samfélagslegri þátttöku þeirra og vellíðan í skólanum.	3.500.000	2019-2020	Grunn og frí	1.800.000
11	Hlíðaskóli/Eldflaugin frístundah./Barnaskóli Hjallastefunnar/Suðurhlíðarskóli/Gleðibankinn félagsm./Tjarnarskóli/Landakotskóli/Melaskóli/Þjónustum. Vesturbæjar, Miðborgar, Hlíða	Skólafélagsfærni PEERS	Markmiðin með þessu verkefni er að: <ul style="list-style-type: none"> Innleiða Skólafélagsfærni PEERS í 6 grunnskóla, 1 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð. Auka við þekkingu fagmenntað starfsfólks sem starfar á þessum tilteknu stöðum í að kenna börnum félagsfærni eftir raunprófaðri aðferð sem hefur gefið góðan árangur og aðlaga hana að íslenskum aðstæðum. Efla félagsfærni barna óháð því hvort þau glími við frávik eða aðra erfiðleika í þroska eða líðan. 	7.600.000	2019-2020	Grunn og frí	4.000.000
12	Rauðhóll/Norðlingaskóli	Spríklað í skóginum	Helstu markmið verkefnisins er að brúa enn frekar bilið á milli leikskólans og grunnskólans í Norðlingaholti. Samstarf hefur verið á milli skólastiga en okkur langar að dýpka það, efla og festa enn frekar í sessi. Stefnan er að þetta verði verkefni sem muni halda áfram að þróast á næstu árum. Að við kennarar hvert á sínu skólastigi munum vinna saman í lærdómssamfélagi með það að markmiði að bæta starf okkar með hagsmuni barnanna í huga.	10.571.300	2019-2020	Leik og grunn	0
13	Ingunnarskóli/Sæmundarskóli	Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga	Markmiðið með verkefninu er að bæta stærðfræðikennslu og möguleika barna til stærðfræðináms. Megináskorunin felst í að finna leiðir til að stuðla að þróun kennsluhátta í stærðfræði. Rannsóknir eins og PISA sýna að nemendur á Íslandi hafa ekki nógu góð tök á beitingu stærðfræði og því sé mikilvægt að stuðla að umbótum í stærðfræðikennslu. Ein leið til þess að ná markmiði verkefnisins er að efla lærdómssamfélag kennara með því að þjálfra stærðfræðileiðtoga undir leiðsögn sérfræðinga frá MVS.	9.534.600	2019-2020	Grunn	0
14	Tjörnin/Gleðibankinn/Hlíðaskóli	Rafíþróttaver	Helstu markmið verkefnisins er að styrkja sjálfmynd þeirra sem spila tölvuleiki það mikið að notkunin hefur haft skaðleg áhrif á hvernig þau sjá og upplifa sig. Áhugaleysi á öðrum tómsundum, félagslífi og námi einkennir þennan hóp vegna þeirrar vantrúar sem þau hafa á eigin getu og markmiðið er að þau upplifi sigra, samskipti og mikilvægi sitt. Ávinningurinn er skýr og endurspeglar viðeigandi þætti í menntastefnunni:	7.190.080	2019-2020	Frí	2.000.000
15	Félagsmiðstöðin Buskinn/Vogaskóli	Gaman saman eða Allir saman	Markmið er að nýta hugmyndafræði tómsundamenntunar til þess að efla félagsfærni nemenda og styrkja þá til þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Þátttaka í skipulögðu tómsundastarfi er mikilvægur hluti af forvörnum og stuðlar að því að nemendur tileinki sér heilbriggt og innihaldsríkt lífverni.	500.000	2019-2022	Grunn og frí	0
16	Tjörnin/Draumaland/100og1	Frístundabruin	Markmið frístundabruarinnar er að auka þjónustu við 10-12 ára aldurshópinn í frístundastarfi, eftir frístundaheimilin eru ekki lengur í boði og félagsmiðstöðin tekur við, að kynna félagsmiðstöðvarstarfið fyrir börnunum og kveikja þar með áhuga fyrir því að mæta á opnanir næsta skólaárs, að auka aðgengi og þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í frístundastarfi og að upplýsa foreldra þeirra, að kynna einstaklingum með annað móðurmál en íslensku fyrir því frístundastarfi sem er í boði í nærumhverfinu og að sýna fram á fjölbreytt úrval tómsunda þar sem börnin fá tækifæri til þess að finna farveg fyrir sitt áhugasvið og rækta það. Ef markmiðin ganga upp ætti ávinningur verkefnisins að vera aukin þátttaka barna í 10-12 ára starfi félagsmiðstöðvarinnar næsta skólaárs. Verkefnið tengist öllum fimm grunnavarþáttum menntastefunnar.	1.000.000	2019-2020	Frí	0

17	Tjörnin/Þjónustum. Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða/Lögreglan/ Barnavernd/Kringlumýri/Ár sel/Gufunesbær/ Miðberg/allar félagsmiðstöðvar í Reykjavík	Föruneysi félagsmiðstöðvar	Markmið starfsins er að vinna samkvæmt 92. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk götustarfs er að stemma stigu við að börn og unglingar séu eftirlitlaus úti eftir lögboðinn útivistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna þeirra.	3.000.000	2019-2020	Frí	2.500.000
18	Bjartahlíð/HÍ/Stakkaborg	Vísindaleiki-Varmi og hitastig	Markmið verkefnisins er þróun fimm Vísindaleikja um varma og hitastig. Vísindaleikir efla náttúru og vísindalæsi barna og þar með skilning þeirra á umhverfi sínu og það hefur jafnframt sýnt sig þátttaka í verkefnum fjölgar þeim möguleikum sem börn nýta sér í skapandi starfi. Ávinningur leikskólabarna yrði aukin fjölbreytni verkefna á sviði náttúrufræða og vísinda og hvatar til að vera virkir þátttakendur við uppbyggingu eigin þekkingar á þeim sviðum. Ávinningur leikskólakennara er efni sem nýta má til að vinna með börnum, aukin þekking og aukið sjálftraust til að takast á við náttúruvísindaleg viðfangsefni í starfi með börnum. Afurðir verkefnisins verða lýsingar á fimm Vísindaleikjum um varma og hitastig ásamt með skýrslu um árangur verkefnisins.	1.000.000	2019-2020	Leik	500.000
19	Undraland/Tjörnin/HÍ	Efling siðfræðikennslu í frístundastarfi	Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar snýst það um að styrkja börnin í gagnrýnni hugsun með það að markmiði að auka siðferðilega yfirvegum þeirra. Þar sem gagnrýnin hugsun og siðfræði eru tengd órofa böndum teljum við nauðsynlegt að tvinna þetta tvennt saman. Með umræðum um siðferðilegar klemmur með hlidsjón af mismunandi siðfræðikenningum viljum við auka umræðu um siðferðið almennt og varpa skýrara ljósi á þann siðferðilega veruleika sem börnin búa við	1.929.989	2019-2020	Frí	1.100.000
20	Brákaborg/Glaðheimar frístundah./Vinagarður/ Sunnuás/Langholt/ Langholtsskóli/	Lausnarhringurinn	Öll börn í hverfinu fá tækifæri til að bæta færni sína í samskiptum og verða sjálfstæðari einstaklingar með sama grunntækini, LAUSNAHRINGNUM. Þetta ætti að gera þau betur í stakk búin til að fara á milli skóla, fristunda og í leik með sama grundvöll. Verkefnið styrkir vinnu skólanna og frístundastarfs í félagsfærni og sjálfsefningu og gefur börnunum tækifæri til þess að æfa orðanotkun og lausarmiðaða hugmyndafræði sín á milli frá fyrstu árum leikskólans upp í grunnskóla og frístundastarf.	10.000.000	2019-2022	Leik og frí	0
21	Hólabrekkuskóli/ Breiðholtsskóli/Fellaskóli/S eljaskóli/Ölduselsskóli/ UngRÚV/Fab Lab		Nýja menntastefna Reykjavíkurborgar er framsækin og krefst þess að við spyrjum okkur hvað er fram undan á sama tíma og við reynum að aðlagast nútímanum. Áherslur eru skýrar, forsendur barnsins þurfa vera að leiðarljósi og nemandi þarf að vera virkur þátttakandi. Efla skal fimm lykilorð, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.	6.672.000	2019-2022	Grunn	0
22	Háaleitis-skóli/Costner ehf	Móttökubú fyrir nemendur af erlendum uppruna	LearnCove er íslenskur skólauhjúnaður sem þróaður hefur verið undanfarið þrjú ár að finnskrir fyrirmynd með stuðningi Tæknipróunarsjóðs. Sérstaða hans felst í að kennarar geta í mjög einföldu kerfi leitað að verkefnum byggð á hæfniviðmiðum eða skólamarkmiðum, auk þess sem hægt er að búa til verkefnalotur og smíðjur sem mæta þörfum hvers og eins nemanda. Kennari getur falið nemendum sínum mismunandi verkefni byggð á einstaklingsþörfum þeirra og hugbúnaðurinn sjálfur sér um að halda utan um framgang þeirra og sparar þannig kennaranum mikilvægan tíma.	10.000.000	2019-2020	Grunn	0
23	Laugarnesskóli/Háaleitis-skóli/Fossvogsskóli/Voga-skóli/Langholtsskóli/ Réttarholtsskóli/ Breiðagerðisskóli/ Laugalækjarskóli	Forystufærni til framtíðar-innleiðing nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar	Stjórnendabjálfunin er sérhönnuð með það að leiðarljósi að styðja stjórnendur í að laða fram það besta í sínu starfsfólki með nútímalegum og faglegum stjórnunaraðferðum til að geta uppfyllt kröfur og fylgt gildum hvers skóla fyrir sig. Ef stjórnendur laða fram það besta í starfsmönnum, þá eiga starfsmenn auðveldara með að laða fram það besta í börnunum og samskipti við foreldra verða enn skilvirkari og jákvæðari.	1.400.000	2019-2020	Grunn	0

24	Miðstöð útivistar og útináms/Galdraslóð/Regnbogaland/Kastali/Tigrisbær/Simbað/Brosbær/Ævintýraland/Hvergíland/Dalheimar/Fjósið/Stjörnu-land/Halastjarnan/Kelduskóli/Húsaskóli/Rimaskóli/Hamraskóli/Vættaskóli/Klébergsskóli/Berg/Öldu-selsskóli/Ingunnarskóli/Háteigsskóli/HÍ	Tjaldútílega 4.bekkjara	Markmið verkefnisins eru að barn fái tækifæri á að upplifa tjaldútílega, íslenska sumarnótt, varðeld og ævintýri. Að barn kynnist því hvernig það er að deila rými og vera hluti af litlu samfélagi. Að styrkja fjölmenningu með því að gefa börnum sameiginlega einstaka reynslu, burt séð frá menningarlegum bakrunni eða félagslegri stöðu og að meta sjálfmynd og félagsleg tengsl barna fyrir og eftir dvöl í tjaldútílega.	10.000.000	2019-2020	Grunn og frí	0
25	Kringlumýri/Réttarholtskóli/Fossvogsskóli/Breiðagerðisskóli/Þjónustum. Laugardals og Háaleitis/Víkingur íþróttafélag/Skátafélagið Garðbúar/Foreldrafélag Réttarholtskóla/Foreldrafélag Fossvogsskóla/Foreldrafélag Breiðagerðisskóla	Svefn, orkudrykkir og rafrettur	Markmið þessa verkefnis endurspeglar fyrst og fremst í heilbrigðis þátt Menntastefnunar þar sem markmið verkefnisins snúast um líkamlegt og andlegt heilbrigði barna og unglina. Einnig snerta þessi markmið sjálfmynd barna og unglina og má þar nefna sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra.	1.400.000	2019-2020	Grunn og frí	1.400.000
26	Foldaskóli/Hamraskóli/Húsaskóli/HÍ/Simbað frístundah./Regnbogaland frístundah./Kastali frístundah./	Markviss íslenskukennsla fjöltyngdra nemenda með áherslu á ríkan orðaforða, sterka sjálfmynd og félagsfærni í leik og starfi	Að auka orðaforða, lesskilning og tjáningarfærni fjöltyngdra nemenda og nemenda af erlendum uppruna til að þeir verði betur læsir á samfélag og umhverfi sem þau búa í, og umfram allt að gefa þeim sterkan grunn fyrir áframhaldandi nám hér á landi. Efla sjálfmynd og trú á eigin getu og stuðla að góðri líðan sem leiðir til betri árangurs – en gera má ráð fyrir að gagnkvæm tengsl séu á milli sjálfmynda og færni í íslensku.	10.000.000	2019-2022	Grunn og frí	2.000.000
27	Dalheimar frístundah./Laugarsel/ Glaðheimar/	Frístundarfimleikar	Okkur langar að geta boðið upp á heilbrigða, skemmtilega og örvandi hreyfingu fyrir krakka á tíma frístundar undir handleiðslu reyndra íþróttþjálfara og efla um leið samstarf við íþróttafélögin í hverfinu. Þessvegna viljum við í samstarfi við Þrótt/Árman bjóða upp á fimleikaklúbb í frístundaheimilunum Dalheimum, Glaðheimum og Laugarseli.	2.000.000	2019-2020	Frí	0
28	Hagaskóli/Langholtskóli/Réttarholtskóli/HÍ	Teymiskennsla á unglingsstigi	Teymiskennsla og teymisvinna kennara hefur verið mikið rannsökuð og um hana fjallað af fræðimönnum. Goetz (2000) fjallar um kosti teymiskennslu og segir að þar sem kennarinn er ekki einn með nemendur er ábyrgðin dreifðari og að þeir geti leitað til fleiri kennara sem er mikill kostur. Þátttakendur í teyminu geta þróað saman nýjar aðferðir í kennslu og unnið þannig gegn fræðilegri einangrun á markvissan hátt í átt að fagmennsku og starfsþróun. Einnig bendir Goetz á lausnir í teymiskennslu gegn agvandamálum og hvernig kennarar í teyimum nálgast námsefnið á fjölbreyttari hátt. Eins og hjá Goetz kemur einnig fram í rannsókn Troen og Boles (2010) að þar sem hver kennari nýtur stuðnings frá teymiskennara dregur samvinnan úr einangrun.	2.520.000	2018-2021	Grunn	0
29	Fab Lab Reykjavík (Þjónustum.Breiðholts)/Fellaskóli/Hólalabrekuskóli/Seljaskóli/HÍ/Fjölbrautaskólinn í Breiðholti/Nýsköpunarmiðstöð Íslands/RG Menntaráðgjöf/Vísindasmiðja HÍ	Skapandi námssamfélag í Breiðholti	Megin markmiðið er sköpunargleði grunnskólanemenda: að sem flestir fái tækifæri til að nýta hugvit sitt og öðlast verkfærni í gegnum það að koma hugmynd í framkvæmd. Þannig má segja að verkefnið feli í sér valdeflingu nemenda og kennara sem lýsir sér í sjálfsefningu, læsi, félagsfærni og sköpun – mikilvægum grunnstoðum nýrrar menntastefnu borgarinnar.	10.000.000	2019-2021	Grunn	6.500.000

30	Tjörnin/HÍ/Núvitundarsetrið/Frostheimar, Undraland, Selið, Skýjaborgir, Eldflaugin, Halastjarnan, Draumaland/Vesturbæjarskóli, Granda-skóli, Melaskóla, Haga-skóli, Hlíðaskóli, Háteigsskóli, Austurbæjarskóli	Vaxandi	Meginmarkmið menntastefunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og ná árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.	4.375.000	2019-2020		Grunn og frí	0
31	Leikskólinn Borg/Breiðholtsskóli/Bakkaborg/Bakkasel frístundah./Bakkinn félagsm./KVAN/HÍ/þjónustum. Breiðholts	Það þarf heilt þorp; Samstarfsverkefni um félagsfærni og sjálfsefningu	Að búa börn hverfisins undir virka þátttöku í jölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi, efla hafni barna í jákvæðum og árangursríkum samskiptun, færni í samstarfi, að setja sig í spor annarra og sýna góðvild og virðingu, efla tilfinningarlæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni barnanna, ofl.	10.000.000	2019-2024		Leik, grunn og frí	5.500.000
32	Ingunnarskóli/Vesturbæjarskóli/Selásskóli	Austur-Vestur, sköpunar- og tæknismiðjur	Markmið verkefnisins er að beina athyglinni að aukinni þörf fyrir sköpun í skólastarfi, tengslum náms við samfélagið, breytingastarfi og því hvernig skólinn fer að því að mæta í verki ákalli um nútímalegt og uppbyggilegt skólastarf. Stefnir er að því auka víðsýni nemenda á fjölbreyttum tækifærum sem kunna að biða þeirra og skapa vettvang fyrir nemendur til að prófa og takast á við margbreytileg viðfangsefni sem reyna á hæfni þeirra og hugvit.	11.100.000	2019-2022		Grunn	5.700.000
33	Reynisholt/Borg/Brákarborg/Reynisholt/Stakkarborg/Tjörn/RannUng	Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag	Markmiðið er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem litið á börn og fullorðna sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.	8.500.000	2018-2022		Leik	5.000.000
34	Vættaskóli/Engjaborg/Hulduheimar/Vættaborgir/Brosbær frístundah./Hvergiland frístundah./	Að vera í núinu á milli skólastiga	Að bjóða upp á kennslu í núvitund stuðlar að víðsýni og umburðarlyndi gagnvart sjálfum sér og öllu fólki, óháð stétt, stöðu, uppruna, hörunDSLit, aldri, kynhneigð, búsetu og kyni svo að eitthvað sé nefnt. Núvitund er góð leið til að róa hugann og læra að vera hér og nú. Hún getur hjálpað nemendum að ná andlegri vellíðan, skilja eigin tilfinningar og njóta líðandi stundar. Sjálfstæðari og sterkari nemendur með aukið næmi á tilfinningar og umburðalyndi fyrir mismun og margbreytileika samfélagsins og getu til að velja fyrir sjálfan sig án utanaðkomandi áhrifa.	1.300.000	2019-2021		leik-grunn og frí	0
35	Tjörnin/100g1/Austurbæjarskóli/HÍ/	Draumasviðið-Tækifæri sköpunar	Markmiðið með verkefninu er að styrkja félagsfærni og efla jákvæð samskipti meðal unglinga í Austurbæjarskóla í gegnum listsköpun með því að búa til samsköpunarverk þar sem unglignarnir myndu semja eða velja efni til að setja upp á sviði. Við viljum leggja áherslu á að vinna með sjálfsmynd unglignanna, hópinn í heild sinni og virðingu og samkennd. Við viljum nýta styrkleika fjölmennningarinnar inni í skólanum og efla unglignana til að kanna og rannsaka mismunandi menningarheima og leita að því sem tengir okkur öll. Við viljum að þau kynnist sjálfu sér og hvort öðru betur. Þau munu finna hversu sterk þau geta verið sem heild og hvað mismunandi sjónarhorn og bakgrunnur eru mikilvægur þáttur í samfélaginu. Hér gefst einnig gott tækifæri til að skoða hvernig fjölbreytileikinn á þátt í að styrkja heildarmyndina og skila sér í listrænni úrvinnslu. Þannig hefur hver og einn sinni einstöku reynslu og færni að miðla og það mun setja öflugan svip á verkið.	3.774.404	2019-2020		Grunn og frí	2.000.000
36	Rimaskóli/Húsaskóli/Hamraskóli	Leiðin þín um lífið	Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á grundvallarþáttunum: Félagssfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Öll markmið og kennsla verkefnisins hafa einnig þætti að leiðarljósi þar sem unnið er markvisst að því að bæta líðan barnanna og þannig er verið að stuðla að heilbrigði og hamingju þeirra.	10.000.000	2019-2022		Grunn	0
37	Tjörnin/Selið/Melaskóli	Vinum saman-Vinna gegn félagslegri einangrun barna og einelti	Að samræma vinnubrögð fristunaheimilisins og skólans til forvarnar gegn einelti og félagslegri einangrun barna. Að þjálfa nemendur sem stunda nám í 1. og 2. bekk í Melaskóla í félagsfærni og sjálfsefningu. Að hámarka gæði í þjónustu skóla og fristundar, tryggja fagmennsku í allri nálgun á starfinu Að styrkja samstarf og tengsl starfsmanna fristundar og skóla. Að verkefninu loknu verði til gögn og verkferlar sem skólar og fristunaheimili ættu að geta yfirfært sér starfsemi sína og notfært sér þá vinnu sem unnin var í þessu verkefni. Að koma á samstarfi með Háskóla Íslands til aðstoðar við úrvinnslu gagna til að skera úr um gagnsemi aðferðafræðinnar.	2.000.000	2019-2020		Grunn og frí	0

38	Breiðholtsskóli/Fellaskóli/Hólábrennaskóli/Selja-skóli/Ölduselsskóli/Hí/Fríða Bjarney Jónsdóttir	Margbreytileiki, fagmennska og samstarf í Breiðholti	Skólastjórnendur í hverfinu vilja efla fagmennsku sína til að gegna forystuhlutverki í skóla þar sem allir nemendur geta látið drauma sína rætast. Til þess þarf að þróa starfs- og kennsluhætti. Því er mikilvægt að skólastjórnendur fái stuðning frá háskólasamfélaginu og Nýsköpunarmiðju menntamála SFS við faglegt frumkvæði og þekkingaröflun svo þeir geti veitt skólastarfsmönnum markvissa ráðgjöf og handleiðslu. Við viljum efla skólastarf sem byggir á því að skólastarfmenn og nemendur læri hvert af öðru og í samvinnu við aðra í fjölmenningslegu skólasamfélagi.	4.757.500	2019-2022		Grunn	0
39	Klettaskóli		Helstu áskoranir eru að finna viðeigandi lausnir varðandi tjáskipti nemenda í Klettaskóla. Skólinn þarf að vera ríkulega búinn hvað varðar lausnir sem hentað geta nemendum sem hafa takmarkað talmál og þurfa stuðning. Mikilvægt er að mæta þeim nemendum sem þurfa sérhæfðar lausnir og þeirra sem glíma við fjölbættan vanda er varðar hreyfifærni og færni tjáskipta.	2.000.000	2019-2020		Grunn	2.000.000
40	Gufunesbær/Brosbær/Galdraslóð/Hvergiland/Kastali/Regnbogaland/Simbað/Tigrisbær/Ævintýraland/MÚÚ/HÍ	Útivist og útinám	Að virkja börn til aukinnar útiveru. Að tryggja að öll börn kynnist útivist og útinámi með markvissum hætti í frístundaheimilinu. Að stuðla að aukinni velliðan, jálfseflingu og félagsfærni í gegnum viðfangsefni í útivist og útinámi. Að festa í sessi ákveðin útivistartengd viðfangsefni sem börnum standa vtil boða meðan á dvöl þeirra í frístundaheimili stendur. Í gegnum viðfangsefni eins og þau sem greint er frá hér að ofan er markvisst unnið að framtíðarsýn Menntastefnu Reykjavíkurborgar um að tryggja öllum börnum tækifæri til þess að auka þekkingu sína á samfélagi og náttúru. Með þátttöku í fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum úti í náttúrunni er ýtt undir trú barnanna á eigin getu, virkni þeirra og hæfni til að starfa með öðrum, að setja sig í spor annarra og sýna öðrum börnum og náttúrunni virðingu.	3.500.000	2019-2020		Frí	3.000.000

50.000.000

Leikskóli	5.500.000	verkefni
Grunnskóli	14.200.000	verkefni
Frístundastarf	8.100.000	verkefni
Samstarfsverkefni	22.200.000	verkefni
Samtals:	50.000.000	verkefni